

Verklagsreglur vegna úthlutunar styrkja menningarmálanefndar Vopnafjarðarhrepps.

1. Tilgangur styrkjanna er að efla og styðja við verkefni er varða menningararf, menningar- og listastarf í Vopnafirði. Menningarmálanefnd fær ákveðna upphæð til úthlutunar ár hvert af fjárlögum sveitarfélagsins Vopnafjarðar. Athugið að um takmarkað fjármagn er að ræða.
2. Sjóðurinn er ætlaður til styrktar smærri verkefnum sem tengjast menningu, listum og menningararfi í Vopnafirði. Hámarksupphæð til úthlutunar til hvers verkefnis er 200,000 kr. en verður þó aldrei hærri en sem nemur 50% af heildarupphæð verkefnisins. Ef um hærri styrkbeiðnir er að ræða en sem nemur 200,000 verða að liggja til þess mjög vel rökstuddar skýringar.
3. Menningarmálanefnd Vopnafjarðar situr í úthlutunarnefnd og velur styrkhafa. Þeir sem sitja í úthlutunarnefnd skulu gæta að hæfnisreglum við ákvarðanatöku og víkja sæti ef fyrirbyggjandi aðstæður eru til þess fallnar að draga úr trú óhlutdrægni við val á verkefnum. Við mat á vanhæfi skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 20 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
4. Hlutverk úthlutunarnefndar er að velja þau verkefni sem styrkt verða á grundvelli samþykktar menningarmálanefndar Vopnafjarðarhrepps og sérstökum áherslum sem menningarmálanefnd Vopnafjarðar setur fram ár hvert.

Viðmið menningarmálanefndar Vopnafjarðar fyrir árið 2017 við mat á verkefnum eru:

- ❖ Grásrót, nýmæli, framsækni og frumkvæði í menningu, menningararfi og listum.
- ❖ Listir fyrir og með börnum.
- ❖ Aukið aðgengi og þátttaka nýrra hópa í menningunni.
- ❖ Fjölbreytni og breidd menningarlífsins.

Menningarmálanefnd áskilur sér rétt til að hafna styrkumsóknum.

Sem dæmi um verkefni sem gætu fengið styrk: Tónleikar, leiksýningar, listsýningar hverskonar, verkefni tengd menningararfi, menningartengd vinna með börnum o.s.frv.

Sem dæmi um verkefni sem ekki eru styrkt: Vegna fjárfestinga, reksturs, viðhalds, launakostnaðar, kaupa tækja- eða almenns skrifstofubúnaðar, íþróttaviðburða eða starfsemi íþróttafélaga, safnaðarstarfs, hefðbundins menningarstarfs í skólum, útgáfu bóka, bæklinga eða geisladiska, annarra sjóða, fyrri kostnaðar verkefnis o.s.frv.

Markmiðið er að verkefnið efli menningarlíf Vopnafjarðar á þann hátt að það einkennist af metnaði, fjölbreytni, samvinnu og virkri þátttöku íbúa og gesta. Að það endurspegli aukinn stuðning við grásrót í menningarlífi Vopnafjarðar og stuðli að

frumkvæði einstaklinga/fyrirtækja með því að styðja við bakið á hvers kyns sköpunarstarfi. Styrkveitingar skulu endurspegla breidd, nýmæli og framsækni.

5.

- ❖ Umsækjendur skulu vera lögráða einstaklingar, félagasamtök eða fyrirtæki.
- ❖ Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnisins og notkun heimilda ef þarf og ber ábyrgð á öllum þáttum verkefnisins.
- ❖ Umsækjendur um styrk verða að tengjast Vopnafjarðarhreppi með búsetu og/eða með því að viðburðurinn/verkefnið fari fram á Vopnafirði.
- ❖ Samkvæmt 21. grein Stjórnsýslulaga þarf ekki að rökstyðja ákvörðun um úthlutun styrkja á sviði lista og menningar.
- ❖ Við auglýsingu á viðburði skal styrkþegi láta styrkveitingu Vopnafjarðar koma fram.

6. Menningarmálanefnd auglýsir eftir umsóknum á heimasíðu sveitarfélagsins mánuði fyrir lokadagsetningar skila umsókna. Styrkjum er úthlutað ársfjórðungslega og þurfa umsóknir að berast fyrir eftirfarandi dagsetningar á þar til gerðum eyðublöðum sem finna má á síðu Vopnafjarðarhrepps:

- ❖ 1. febrúar 2017 vegna afgreiðslu á fundi menningarmálanefndar í febrúar.
- ❖ 1. maí, 2017 vegna afgreiðslu á fundi menningarmálanefndar í maí.
- ❖ 1. ágúst 2017 vegna afgreiðslu á fundi menningarmálanefndar í ágúst.
- ❖ 1. október 2017 vegna afgreiðslu á fundi menningarmálanefndar í október.

Á umsóknareyðublaði skal eftirfarandi koma fram:

- ❖ gildi verkefnisins fyrir menningarlífið
- ❖ áætlun um framkvæmd, þar með skil lokaskýrslu
- ❖ fjárhagsáætlun
- ❖ aðrar fjármögnunarleiðir
- ❖ upphæð sem sótt er um

Vopnafjarðarhreppur tekur á móti skriflegum umsóknum rafrænt á netfangið skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is, sem og á skrifstofu sveitarfélagsins að Hamrahlíð 15. Styrkbeiðnirnar fara fyrir menningarmálanefnd á næsta úthlutunarfundi eftir að umsóknin berst.

5. Verklagsreglur þessar skulu endurskoðaðar fyrir 1. desember árlega.

Samþykkt 15.11.2016 af menningarmálanefnd.

Samþykkt 08.12.2016 í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps.